

Foreldrafélag Núps - Fundargerð

Fundur nr: 5, skólaárið 2019-2020

Staður: Lóð leikskólans Núps

Dagsetning: 22. september 2020

Tími: 20:30

Fundarritari: Halldóra

Mættir: Halldóra, Kristín, Engilráð, Ester og Auður

Dagskrá: Útfærsla á aðalfundi

Þessi fundur var haldinn úti á lóð leikskólans og fundargestir gættu að halda fjarlægð á milli sín.

Fundurinn var haldinn til að ræða málin varðandi aðalfund félagsins sem áætlaður er eftir viku. Vegna stöðunnar á Covid 19 faraldrinum er ljóst að hefðbundinn fundur verður ekki haldinn og því þarf að finna aðra lausn.

Fyrsta mál á dagskrá var rekstrarreikningur ársins. Erfiðlega gekk að fá reikning fyrir Lubba-efninu, en hann barst loksins í vikunni. Því er búið að greiða alla reikninga ársins og fá löglega reikninga í öllum tilfellum. Lokastaða reikningsins eftir árið er því 33.297 kr.

Kristín ætlar að klára að ganga frá bókhaldinu og koma því til Þórhöllu (skoðunarmanns reikninga). Það þarf að vera búið að fara yfir bókhaldið fyrir aðalfundinn.

Allir stjórnarmenn (fyrir utan Tinnu og Arnhildi sem eiga ekki lengur börn á leikskólanum) eru tilbúnir að halda áfram í stjórn á næsta ári. Þá eru 6 í stjórn með börn á öllum deildum nema Lundi:

- Auður >> Brekka + Hvammur
- Ester >> Þúfa
- Engilráð >> Brekka
- Halldóra >> Höfði
- Kristín >> Höfði + Hvammur
- Magðalena >> Þúfa

Þá var rætt um aðalfundinn. Tvær hugmyndir hafa hlotið mestan meðbyr varðandi útfærslu á honum:

1. Halda fundinn úti. Ekki yrði hægt að hafa fína power point kynningu og við yrðum svolítið háð veðri – en það væri í það minnsta hægt að halda löglegan fund.
2. Senda fundarefnið í kynningu til foreldra og bjóða fólki upp á að koma með tillögur/athugasemdir/framboð í stjórn í tölvupósti. Strangt til tekið er þetta ekki löglegur aðalafundur.

Eftir stuttar umræður var ákveðið að gera bæði.

Fundarboð verður sent út á miðvikudeginum 23. sept (7 dögum fyrir fund).

Á ~mánudeginum 28. september verður kynning send á foreldra sem inniheldur efni aðalfundarins, rekstrarreikning síðasta árs og farið stuttlega yfir viðburðina.

Allir stjórnarmeðlimir bjóða sig fram áfram en þó verður óskað eftir framboðum í stjórn, sérstaklega hjá foreldrum barna á Lundi.

Stjórn leggur til að sami skoðunarmaður reikninga verði kosinn (gefið að Þórhalla sé til í það, Halldóra ætlar að heyra í henni með það).

Stjórn leggur til sama árgjald (5.900 kr/heimili) nema athugasemdir eða tillögur komi um annað.

Foreldrar verða hvattir til að senda tillögur/athugasemdir/framboð í stjórn á tölvupóst foreldrafélagsins.

Aðalfundurinn verður svo haldinn formlega miðvikudaginn 30. september á lóð skólans. Ef veðrið verður til vandræða verður tekist á við það þá. Farið verður yfir efni kynningarinnar og hægt að ræða um þær tillögur/athugasemdir sem borist hafa. Þeir sem vilja/hafa tök á að mæta gera það, en óháð því hver mætir verður fundurinn löglegur.

Þessi niðurstaða er háð því að Bryndís og Svana gefi grænt ljós á hana.

Fundi lauk klukkan 21:15.